

FUNDARBOÐ

248. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn Hjálmakletti, fimmtudaginn 11. janúar 2024 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks

Lagðir fram til samþykktar samningar vegna samræmdrar móttöku flóttamanna.

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 647:

Afgreiðsla 141. fundar velferðarnefndar Borgarbyggðar: "Velferðarnefnd samþykkir þau drög sem liggja fyrir og vísar erindinu til kynningar hjá byggðarráði og svo til samþykktar hjá sveitarstjórn."

Byggðarráð samþykkir framlögð drög, felur sveitarstjóra að fullvinna og undirrita og vísar til staðfestingar hjá sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

Framlagður samningur við Vinnumálastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Framlagður samningur við Félags- og vinnumálaráðuneytið og Vinnumálastofnun um samræmda móttöku flóttafólks.

3. 2010114 - Frístundastyrkur

Afgreiðsla frá fundir fræðslunefndar Borgarbyggðar nr. 228. Fjallað um breytingar á verklagsreglum um frístundastyrk.

"Lagðar fram breytingar á verklagsreglum um frístundastyrk.

Fræðslunefnd leggur til eftirfarandi breytingar á reglum um frístundastyrk: að 5 ára börn geti sótt um styrkinn, lækkað sé niður í 8.vikum úr 10 sem námskeið þarf að vera til að falla undir styrkinn og að málstjórar hafi heimild til að úthluta styrknum sé hann ekki nýttur. Lagt er til að reglurnar verði endurskoðaðar við gerð næstu fjárhagsáætlunar. Samhliða því sé tekið samtal við hagsmunaaðila."

4. 2312057 - Gjaldskrár 2024

Lögð fram uppfærð tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnveitu Hraunhrepps.

5. 2311323 - Erindisbréf fyrir ungmennaráð

Afgreiðsla frá 228. fundi fræðslunefndar: "Fræðslunefnd samþykkir erindisbréfið og

vísar málinu til Byggðarráðs."

6. 2312176 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti

Afgreiðsla frá 655. fundi byggðarráðs: "Lagt er til að að tekjumörkin hækki um 10,7% sem er í takt við breytingu á launavísitölu á milli ára og hækkun ellilífeyris hjá Tryggingastofnun á milli árunna 2022 og 2023. Samþykkt samhljóða."

7. 2312192 - Verðskrá Héraðsbókasafns Borgarfjarðar 2024

Afgreiðsla frá 656. fundi byggðarráðs: "Breytingar á gjaldskrá Héraðsbókasafns Borgarfjarðar fela að jafnaði í sér 5% hækkun á milli ára í samræmi við aðrar gjaldskrárbreytingar hjá Borgarbyggð. Byggðarráð vísar gjaldskránni til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

8. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Í samræmi við 50. gr. Sveitarstjórnarlaga 138/2011 leggja fulltrúar D-lista í sveitarstjórn Borgarbyggðar til að Ragnhildur Eva Jónsdóttir verði áheyrnarfulltrúi í skipulags- og byggingarnefnd og að Sigurður Guðmundsson verði varamaður hennar.

9. 2110178 - Landbúnaðarkaffinn - Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022

Afgreiðsla 61. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sitt leyti. Nefndin samþykkir svör skipulagshönnuða með þeim breytingum sem komu fram á fundinum. Samþykkt samhljóða."

10. 2305248 - Frístundabyggð Signýjarstaða_Aðalskipulagsbreyting

Afgreiðsla 61. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar framlagða tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða."

11. 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes

Afgreiðsla 61. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu til auglýsingar fyrir íþróttasvæði og stofnanasvæði í Borgarnesi skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða."

12. 1902167 - Hraunsnef, breyting á aðalskipulagi

Afgreiðsla 61. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sitt leyti. Breytingartillagan tekur til 38 ha svæðis í landi Hraunsnefs þar sem landnotkun er breytt úr landbúnaðarlandi í frístundasvæði. Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

13. 2312013F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 655

- 13.1 2312021 - Fyrirkomulag og útreikningur fasteignamats
- 13.2 2308241 - Bæjarkirkjugarður - gangstétt
- 13.3 2312155 - Kaup á vatnsdælu vegna Hitaveitu Varmalands
- 13.4 2301193 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2023.
- 13.5 2306089 - Fundargerðir heilbrigðisnefndar Vesturlands 2023
- 13.6 2312176 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti
- 13.7 2306263 - Framkvæmdastyrkur til íþrótt- og tómstundafélaga 2023
- 13.8 2312202 - Niðurfelling reglulegs fundar byggðarráðs

14. 2312024F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 656

- 14.1 2401005 - Viðmið í þjónustu 2024 - þjónustustefna
- 14.2 2312192 - Verðskrá Héraðsbókasafns Borgarfjarðar 2024
- 14.3 2312219 - Rjúpuflöt 5 - Umsókn um lóð
- 14.4 2401013 - Kjarasamningar og verðstöðugleiki
- 14.5 2307185 - Uppbygging nemendagarða við Landbúnaðarháskóla Íslands
- 14.6 2301193 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2023.
- 14.7 2302061 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2023
- 14.8 2301206 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2023
- 14.9 2309035 - Fundargerðir stjórnar SSV 2023

15. 2401001F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 228

- 15.1 2401039 - Kynning á STEAM námsvistkerfi og verkefninu RÝMI - X
- 15.2 2309270 - Viðræður við Hjallastefnuna um færslu á Varmaland
- 15.3 2311323 - Erindisbréf fyrir ungmennaráð
- 15.4 2311242 - Ályktun frá aðildarfélögum UMSB um ferðakostnað.
- 15.5 2010114 - Frístundastyrkur
- 15.6 2309293 - Rekstrarkostnaður á nemanda 2022 í grunnskólum sveitarfélaga eftir stærð skóla
- 15.7 2312022 - Rekstrarkostnaður leikskóla á Íslandi 2022
- 15.8 2401008 - Kynning á námsmati í grunnskólum Borgarbyggðar 2024

16. 2312014F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 60

- 16.1 2211179 - Kleppjármsreykir skólasvæði - Nýtt deiliskipulag
- 16.2 2312005F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 24
- 16.3 2312012F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 221

17. 2312025F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 61

- 17.1 1902167 - Hraunsnef, breyting á aðalskipulagi
- 17.2 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes

- 17.3 2305248 - Frístundabyggð Signýjarstaða_Aðalskipulagsbreyting
- 17.4 2110178 - Landbúnaðarkaflinn - Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022
- 17.5 2301179 - Miðgarður á Mýrum L235969_Deiliskipulag
- 17.6 2312018F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 25
- 17.7 2401003F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 26

09.01.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu.